

Garðabær  
Hrönn Hafliðadóttir  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 18. desember 2024  
UST202412-021/A.B.  
10.04.02

## Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi - Kauptún 6 - Garðabær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 2. desember þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kauptún 6 í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að lóðin Kauptún 6 stækkar til vesturs og suðurs um 2.580 m<sup>2</sup>. Lóðastærð fyrir breytingu er 42.974 m<sup>2</sup> en verður eftir breytingu 45.554 m<sup>2</sup>. Frágangur lóðamarka skal vera í samræmi við almenna skilmála, sjá grein 6.5 *Landslagsmótun og frágangur lóða*. Þó er heimilt að vinna hæðaraðlögun með stoðvegg í allt að 1,2 m hæð yfir aðliggjandi bílastæði og athafnasvæði, enda verði gengið vandlega frá skeringu að lóðarmörkum með hraungrýti af svæðinu og lyngmóatorfi.

### Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruverndarlaga, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á því þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur og mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og því hafa neikvæð áhrif á það. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr.

skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Agnes Þorkelsdóttir

***sérfræðingur***